

Magnús Kjaran:

Alþjóðaráðstefna Kaupsýslumanna.

Kafli úr erindi, fluttu 22. jan. s. l.



Kæru félagar!

Ég hafði í gleðivímunni yfir því að vera kominn heim dregið á það við formann félagsins, að segja ykkur lítið eitt frá Alþjóðaráðstefnu kaupsýslumanna, sem haldin var í Rye í New York-fylki dagana 10.—18. nóv.

Ég gerði þetta meðal annars vegna þess, hve langan tíma mér virtist ég hafa til undirbúnings. En þegar ég svo sá fundinn auglýstan, brá mér í brún. Dagarnir höfðu líðið, án þess að ég

myndi eftir þessu lofordi eða gæfi mér tíma til að sinna því. Ég er því hræddur um, að þið verðið öll vonsvikin, en ég þó mest sjálfur, því að vissulega voru þetta ánægjulegir og viðburðaríkir dagar fyrir okkur fulltrúana, [þó að flest af því, sem á dagana dreif, sé varla í frásögur færandi og hafi lítið gildi fyrir áheyrendur.] Nú gæti ég þó að sjálfsögðu sagt ykkur all ítarlega frá þinginu og störfum þess, en það yrði svo þurt og líflaust, að ég legg ekki út í það.

Ég hefi því kosið þá leið, að segja ykkur stutta ferðasögu og flétta inn í hana því helzta, er mér virtist máli skipta á fundunum og þeim ályktunum, er þingið gerði.

Fljúgðu, fljúgðu klæði.

Laugardaginn 21. október lögðum við Eggert Kristjánsson, Haraldur Árnason og ég af stað héðan frá Reykjavík kl. 6 til flugvallarins. Við gistum um nóttina á Hotel De Gink, sem frægt er orðið, því þar hafa gist mörg stórmenni, t. d. Vilhelmina Hollandsdrottning, Pétur Jugoslavakonungur o. fl., enda er það full boðlegur dvalarstaður hverjum þjóðhöfðingja. Eftir að hafa neytt hinnar beztu máltíðar og kvatt vin okkar, Valdimar Björnsson, sjóliðsforingja, sem fylgdi okkur þangað, gengum við til hvílu. En mér varð ekki svefnsamt, hvort sem það nú var af eftirvæntingu eða ég hefi haft það á tilfinningunni, að okkur yrði ekki lengi svefns auðið. Kl. 3 erum við vaktir til árdegisverðar, og kl. 4 er lagt af stað út í kolsvart náttmyrkrið. Flugvélin er ekki af verri endanum, 4 hreyfla „Skymaster“, luxus-skip, eins og Ameríkumenn kalla það. Dóri Hjálmarsson, ofursti, sem var okkur samferða, hafði séð um það. Við erum 28 farþegar, en 6

Íslenzkir kaupslumenn í New York



ÍSLENZKIR KAUPSLUMENN

I HAÐEGISVERDI A

THE WALDOPEASTORIA NEW YORK CITY

NOVEMBER 25, 1944

PHOTO BY
BRUCKER-MILBERT CO.
NEW YORK

Talið frá nærlægari enda borðsins og vinstra megin: Jón Björnsson, Jakob Sigurðsson, Fritz Kjartansson, Franz Andersen, Páll Melsteð, Gunnar Pálsson, Þorsteinn Árnason, Ólafur Ólafsson, Garðar Gíslason, Hallgrímur Benediktsson, Björn Björnsson, Eggert Kristjánsson, Ólafur Johnson, Stefán Wathne, Óttar Möller, Jón Guðmundsson, Hilmur Fenger, Daniel Gíslason, Henrik Biering. — Talið frá fjarlægari enda borðsins og hægra megin: Hannes Johnson, Björn Hallgrímsson og Hjálmar Finnsson, — Eðvard Frímansson, Hanne; Kjartansson og Pétur Johnson, — Guðmundur Árnason, Oddur Guðjónsson og Friðþjófur Johnson, — Haraldur Árnason, Magnús Kjaran og Grettir Eggertsson, — Jón Guðbrandsson, Lárus Feldsteð og Sigrýggur Jóhannsson, — Bárður Guðmundsson, Sveinn Valfells og Tryggvi Ólafsson.

manna áhöfn. Ég sit í hægindastól og reyki vindil. Aðbúnaður er svo, að á betra verður ekki kosið. En hvað er þetta, vélin hreyfist ekkert. Höfum við lent aftur? Nei, ekki alveg. Við erum komnir í 6000 feta hæð og svífum áfram í háloftunum með 200 mílna hraða á klukkustund.

Ég hafði búið mig vel, hvað kom sér vel síðar. Til mín kemur maður og spyr mig, hvort mér sé ekki of heitt í öllu þessu. Vilji ég blunda, þá megi halla stólnum aftur, og þá sé hann eins og rúm. Ég geri það; mjög þægilegt. En vellíðan er það þó ekki. Það er einhver ónotatilfinning, sem fer um mig. Hræðsla eða hvað? Eða er það hraðinn?

Mér flaug í hug saga E. H. Kvaran „Anderson“, þar sem hann lýsir fyrstu bílferð austur yfir Hellisheiði. „Eg held það hafi verið gamall „Ford“, en hann fór þó hraðar en alþingismennirnir hugsuðu,“ segir hann. En nú er það af. Öllu fleygir fram. Nú snýst enginn flugvélahreyfill hraðar en stjórnámálmenn geta snúizt.

Það er orðið hjart. Útsýni er þó ekki mikið. Grá og þykk íspoka læsir sig um flugvélin. Við erum yfir New Foundland, og hér áttum við að lenda, en því hamlar þokan. Höfum við þó sveimað hér yfir flugvöllunum í hálfu þriðju klukkustund árangurslaust. Eftir 12 tíma flug lendum við á hvíttri og freðinni jörð. Við erum komnir til Canada. Við höfum flogið yfir Atlantshafið án þess að hafa nokkurn tíma séð glytta í það og eiginlega án þess að hafa vitað af því, að við værum á ferð. Eftir að hafa neytt hádegisverðar og þegar flugvélin hafði verið hlaðin benzínforða, var lagt af stað á ný, eftir tveggja tíma dvöl, í logni og glampanði sól. Nú var öll ónotakennd horfin. Ég var samgróinn flugvélinni og naut ferðarinnar í ríkum mæli. Útsýnið er dásamlegt. Við fljúgum meðfram ströndinni. Það er vinalegra og tilbreytingarrikara. Öldurnar, sem stundum faðma þessa tanga og nes af ofsa kæti, eru feimnar í dag. Þær vilja láta sem minnst á sér bæra. Það er eins og þær viti af því, að þær hafa áhorfendur. Járnbrautarlestirnar skriða áfram, eins og örmjóir og hægfara ánamaðkar. Bílanir sjást af heyfingunni, en enga pöddu þekki ég svo litla og hægfara. Loks sést alauð jörð. Enda erum við komnir suður til Boston. Við svífum yfir borginni. Hinar völdugu stórbyggingar eru eins og brúðuhús. Svo þetta er Boston, þar sem svo margir íslenskir sjómenn hafa getið sér góðan orðstír. Og íslenski ræðismaðurinn þar var togaraskipstjóri. „Reykingar bannaðar. Spennið ykkur í sætin,“ blasir við okkur í rauðu ljósaletri. Og um leið heyrum við svolítinn hrykk. Flugvélin hefur látið hjólin falla og eftir ör-

skamma stund verðum við þess varir, að hún snertir jörðina. Við erum lentir á La Guardiaflugvöllinum í New York eftir 15 tíma flug frá Íslandi.

Æfintýrið: „Fljúgðu, fljúgðu, klæði,“ var orðið að veruleika. Við borðuðum árdegisverð á Íslandi, hádegismatinn í Canada og kvöldverð í New York sama daginn. Ótrúlegt en satt. Okkar klukka er að vísu orðin 11, en klukkan hér í New York er aðeins sjö, því að á þeim er 4 tíma munur.

Fyrstu móttökurnar.

Rauðakross-systir tekur á móti okkur og býður okkur nýmjólk að drekka, og var hún vel þegin, enda sú bezta, er við höfðum bragðað lengi — lengi. Rauðakross-bíll ekur okkur líka bráðlega að bústað okkar, Harvard Club, sem er hinn virðulegasti bústaður. Þar tók á móti okkur framkvæmdastjóri ráðstefnunnar, hr. Reginald Orcutt, sem margir Íslendingar kannast við. Hann ávarpar mig á íslenzku: „Sæll og blessaður, Magnús minn. Fyrst ofurlítinn skvett. Samtaka nú.“ Orcutt hafði séð um allan undirbúning ráðstefnunnar, og unnið að því tvö ár og farizt það starf prýðisvel úr hendi. Hann er mikill vinur vor, enda komið hingað 8 sinnum. Hann gerði sér sérstakt far um að hampa okkur, íslenzku fulltrúunum og fána okkar, sem var ávallt á áberandi stað á ráðstefnunni.

Næstu daga notuðum við til að átta okkur svolítið, enda veitti mér ekki af því. Mikið hefur New York breytt frá því ég dvaldi þar um tveggja mánaða skeið fyrir röskum aldarfjórðungi. Þá var Woolworth langhæsta byggingin, 54 hæðir. Nú tekur maður vart eftir henni. Í Rockefeller Center einu vinna um 40.000 manns, eða nálega sama tala og allir Reykvíkingar.

Dagarnir líða fljótt, en dagsverkin ekki stór. Vegalengdirnar miklar og gestrisni landa takmarkalaus.

Ráðstefnan byrjar á morgun, en formaður okkar og ráðunautur ókomnir. Daginn eftir fréttum við þó, að þeir væru komnir, eftir hálfu fleiri sólarhringa ferð á sjó, en við vorum klukkustundir í lofti. En ráðstefnan bíður þeirra ekki. Hún er sett, eins og til stóð, föstudaginn 10. nóv. úti í Rye, eins og áður er sagt. Rye er eiginlega uppi í sveit. Nálega klukkutíma akstur frá New York. Fundirnir eru haldnir í húsi, er nefnist Westchester Country Club. Staðurinn er dásamlegur. Húsið sjálft fallet og vistlegt með alls konar þægindum, sundlaug hvað þá annað. En umhverfið unaðslegt. Fagurt og friðsælt. Annað eins litskrúð hefi ég sjaldan séð. Enda eru haustlitir laufsins einna fegurstir og fjöl-

skróðugastir. Það má segja um skóginn í haustskróðinu, eins og regnbogann: „Gulur, rauður, grænn og blár, gerður af meistara höndum.“ Það var ekki leiðinlegt að leika golf í slíku umhverfi í logni og sól. Eru þarna einhverjir stærstu og beztu golfvellir í New York-fylki.

Flestir fulltrúanna bjuggu þarna í klúbbnum, meðan á þinginu stóð.

Frelsi og mannréttindi.

Þetta er nú orðinn all langur inngangur og mál til komið að tala um ráðstefnuna sjálfa. Þá er í upphafi þeirrar frásagnar rétt að geta þess, að vegna þess „ástands“, sem nú ríkir í heiminum, þá var þetta ekki hin venjulega alþjóðaráðstefna kaupsýslumanna, sem halda á fjórða hvert ár, heldur gengust fyrir þessari ráðstefnu þessar stofnanir, eða voru verndarar hennar:

1. Verzlunarráð Bandaríkjanna,
2. Deild Bandaríkjanna úr Alþjóðaverzlunarráðinu,
3. Iðnrekendafélag Bandaríkjanna og
4. Utanríkisnefnd Bandaríkjanna í verzlunarmálum.

Í móttökunefndinni voru 44 menn, og var formaður hennar Thomas I. Watson P.I.B.M.C., sá sem var formaður í alþjóða verzlunarráði fram til 1939, er Sigfried Edström var kosinn í hans stað. Hann var sá eini af amerískum iðjuhöldum, er fékk leyfi til að hafa móttöku fyrir forseta Íslands, er hann var á ferð í New York. Var ráðstefnan opnuð með því, að hann bauð öllum fulltrúunum til hádegisverðar í Westchester Club. Hófinu stýrði Eliot Wadsworth, form. Bandaríkjadeildar alþjóða verzlunarráðsins. Byrjaði hann á því að lesa upp ávarp, er þinginu barst frá Roosevelt, forseta Bandaríkjanna.

En ræður fluttu:

1. Robert Gaylord, form. iðnrekendafélagsins,
2. Eric A. Johnston, form. verzlunarráðs Bandaríkjanna, og
3. E. P. Thomas, form. utanríkismálanefndar Bandaríkjanna í verzlunarmálum.

Eric Johnston er glæsilegur maður og mál-snjall. Hann kom til Íslands á leið sinni til Rússlands. Viðtal hans við Stalín hefur birzt í Alþýðublaðinu undanfarna daga.

Þótt vel væri veitt í hófi þesu, var ekki lengi til setunnar boðið, því að nú hófust störfin. Var fyrst skipað í þær 8 nefndir, sem ákveðið hafði verið að störfuðu á ráðstefnunni. En þær voru þessar:

1. Samsteypur og hringar (Cartels),
2. Verzlunarstefnur þjóða,
3. Gjaldeyrisviðskipti þjóða í milli,

4. Vernd og efling arðbærra fjárframlaga (Investments),
4. Investeringssefningar og vernd.
5. Iðnreisn á nýjum svæðum,
6. Einstaklingsframtak og vernd þess,
7. Hráefnalindir og matvæli,
8. Siglingar og flugmál.

Í flestum nefndum voru 35 menn. Íslendingar áttu sæti í þeim öllum. Fundir þessir stóðu venjulega frá kl. 9.30 til 12 eða 12.30 og svo aftur frá kl. 14 til 16. Bláðamenn fengu ekki aðgang.

Nefndarskipun okkar félaga féll eins og hér segir:

- Hallgr. Benediktsson: 1. Samsteypur og hringar (Cartels),
8. Siglingar og flugmál,
Magnús Kjaraun: 2. Verzlunarstefnur þjóða,
7. Hráefni og matvæli,
Dr. Oddur Guðjónsson: 3. Gjaldeyrisviðskipti þjóða í milli,
Eggert Kristjánsson: 4. Vernd og efling arðbærra fjárframlaga (Investments).
5. Iðnreisn á nýjum svæðum,
Haraldur Árnason: 6. Einstaklingsframtak og verndun þess.

Nú væri það að sjálfsögðu of langt mál að lesa hér þær tillögur nefndanna allra, sem samþykktar voru fyrst í nefndunum sjálfum og svo að lokum á allsherjarmundi allra fulltrúanna. En til þess að gefa ykkur þó nokkurt sýnishorn af því, hvaða andi sveif yfir vötnunum á þessari ráðstefnu, vil ég leyfa mér að lesa hér í íslenskri þýðingu tillögur þær, er samþykktar voru í þeim nefndum, er við Haraldur Árnason áttum sæti í.*

Af ályktununum er augljóst, hvað í nefndum þesum hefur verið efst á baugi: **Frelsi og mannréttindi.** Frelsi til athafna og réttur allra til að njóta gæða lífsins. Það er afurða móður jarðar í hollu fæði og góðu klæði og þeirra þæginda, sem tæknin getur veitt fyrir árangur mannsandans.

En verzlunarmálaráðstefnur eru ekki löggjafarþing. Þær láta aðeins í ljósi skoðun sína og óskir. Það er svo starf fulltrúa hvers lands að koma þeim á framfæri við stjórn sína, afla þeim þar skilnings og brautargengis. Lokaárangur slíkra „þinga“ er því undir ríkisstjórnnum hverrar þjóðar kominn. En þótt svo að hann verði enginn, sem alveg eins má gera ráð fyrir nú,

*) Eins og vikið er að í forystugrein blaðsins, mun verða skýrt frá efni þessara tillagna í næsta blaði. *Ritstj.*

eins og á „friðarþinginu“ 1939, þá er ekki þar með sagt, að unnið sé fyrir gýg. Að minnsta kosti verð ég að telja vafasamt, að nokkur fulltrúanna sjái eftir þeim tíma og fé, er hann eyddi til þess að geta sótt fundi þessa.

Þar sem blaðamenn fengu ekki aðgang að nefndarfundum, gátu menn óhræddir og í einlægni rætt vandamál sín af gagnkvæmum skilningi og vinarhug. Persónuleg sambönd, sem myndast á slíkum fundum, vara oft ævilangt. Mér komu í hug orð Gunnars Nielsen ritstj., er var í hópi hinna 9 blaðamanna, dönsku, sem heimsóttu land vort 1939. Hann hafði ferðast um landið með félögum sínum og hinum íslenzku starfsbræðrum, og nú féll það í hans hlut að halda ræðu í Prastarlundi. Hann sagði: „Ísland á nú hér eftir ekki aðeins einn sendiherra í Danmörku, heldur 10.“

Ég er sannfærður um það, að engin þjóð af þessum 52, sem þarna áttu fulltrúa, hefir verið svo illa skipuð, að hún hafi ekki eignast nýjan sendiherra í einhverju landi. Þetta er oft sá mesti og beztí árangur, sem næst á slíkum ráðstefnum.

Mrs. Vanderbilt í húsnæðishraki.

Nú langar mig til að lesa fyrir ykkur kafla úr bréfi, sem ég skrifaði kunningja mínum frá New York. Það eru örfáar augnabliksmyndir þaðan:

„Ég er nú búinn að vera hér miklu lengur en ég ætlaði, en sé þó ekki eftir því. Hér er margt merkilegt að sjá og mörgu nýju að kynnast. Ameríka er fyrir mér nýr heimur. Hér hefi ég hitt marga hina ágætustu menn. En það, sem ég dáí mest, er hið brosandí fólk. Hvar sem ég kem og um hvað sem ég spyr, er mér ávalt svarað með brosi, hlýlegu og vinalegu. „Keep smiling“ er ekki aðeins orðtak í þessu landi, heldur veruleiki. Og það er ómetanlega góður siður. Það hefur ekki aðeins áhrif á þann, sem brosað er til, heldur einnig á þann, sem brosir, því það fer varla hjá því, að brosið sé endurgoldið. Í mínum augum er Ameríka því hið „Brosandi land“. Hinu ber svo ekki að leyna, að þrátt fyrir hina brosandí menningu, kunni hér enn að slæðast einhverjar leifar af hreinum „negra-kultur“, en sleppum því.

Ameríka er í 100% hernaði. Hver sér það hér í New York? Ég, sem kom frá Reykjavík, gleymdi því eftir viku dvöl hér, að heimsstyrjöld geisadi. Að vísu er hér lítið um smjör, og molasykur sést ekki. En þetta er aðeins á yfirborðinu. Ég hefi hitt hér tvenn hjón, sem eiga sinn soninn hvor, liðlega tvítuga, og eru báðir í stríðinu og koma ef til vill aldrei heim aftur.

En þetta sér ferðamaðurinn ekki og yfirleitt ekki unga menn. Það, sem mér fellur verst hér, er þessi taumlausí hraði á öllum og öllu. Hvað liggur á? Við erum öll á sömu leið — til grafar. Og maðurinn með ljáinn kemur venjulega nógu snemma, að flestum finnst. En ef til vill er þessi sífelldi hraði og troðningur orðinn einn þáttur í lífi fólksins. Það getur vart án hans verið. Þó er það einstaka maður, sem enn hefur rúmt um sig og seinagangurinn á stjórnaðskrifstofum er sízt minni hér en annars staðar.

Ég var nýlega í teboði hjá frú Cornelíus Vanderbilt á hinu fræga heimili hennar, 640 Fifth Ave., húsi, sem nú á að fara að rífa. Hún barmaði sér yfir því, að verða að flytja í íbúð, sem væri aðeins 86 herbergi. Ég sagðist skilja það og sárverkendi henni. (Hvað ég og gerði, því þetta er ekki heimili, heldur „Museum“.) Ég gat ekki verið að segja henni frá því, að við hefðum verið alin upp 8 systkinin í einu herbergi í Skothúsinu, heldur ekki víst, að hún hafi þekkt Skothúsið.

Ég nam staðar í bókasafninu. Ég það bóka-vörðinn að sýna mér elztu og merkustu bækurnar. Ég spurði hann svo, hvort það gæti verið, að frúin ætti enga bók eldri en frá 1702. En þegar ég sá, hve andlit hans fraus, sagði ég, að það væri afsakanlegt í svona ungri heimsálfu. Ég sagðist nú hafa haft gaman af að senda frúnni bók frá 1538, ef hún væri ekki að flytja í svo litla íbúð. Jæja, svona getum við látið. Erum við ekki öll meiri og minni börn? Ég bý hér á Waldorf Astoria, fínasta gistihúsi heimsins og nýt þess að vera „konungur einn dag“.

Laugardaginn 18. nóv. er lokafundurinn haldinn úti í Rye. Þar lögðum við, eins og margar aðrar þjóðir, fram fjöhrítuð plagg til dreifingar á meðal fulltrúanna, þar sem við lýsum í stuttu máli starfsemi V.Í., látum í ljós ánægju okkar yfir að hafa sótt þing þetta og þökkum þá gestrisni og velvild, er við mættum í hvívetna.

En mánudaginn 20. nóv. var þinginu slitið með kveðjumáltíð á Waldorf Astoria í New York, sem þá var orðið bústaður okkar. Í öndvegi sat þar Thomas J. Watson og ávarpaði hann fulltrúana kveðjuorðum, þakkaði þeim komuna og ánægjulegt samstarf og óskaði þeim góðrar heimferðar, sem hjá sumum væri all löng.

Við Haraldur vissum þá ekki, hve langt og erfitt ferðalag beið okkar, er við urðum að halda jól á flækings milli tveggja heimsálfa. En það er svo önnur saga.

Magnús Kjara.